

## G J A L D S K R Á

### fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

#### 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarráð skattinn.

#### 2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

#### 3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,325 af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 6500.00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 16.00 á hvern m<sup>3</sup> vatns, eða sem hér segir:

- a) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun kr. 20.00.
- b) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 100 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 8.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við sildarsöltun skal greiða kr. 50.00 á uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 20.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 50.00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 100.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Vatnsnot til mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 100.00 á hverja 1000 lítra af innveginni mjólk.
- h) Fyrir hverja smálest af vatni til Hafnarsjóðs vegna skipa greiðist kr. 200.00.
- i) Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

#### 4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld.

## 5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

ø 20—32 mm .....	kr. 3 000.00
ø 40 mm .....	— 4 000.00
ø 50 mm .....	— 10 000.00
ø 80 mm .....	— 20 000.00
ø 100 mm .....	— 25 000.00

## 6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

## 7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við fasteignamat það er tók gildi 31. des. 1976, og skulu breytast í samræmi við það.

## 8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1979:

**Kjósarsýsla:**

Leirur á smábýli í landi Fitjakots, Kjalarneshreppi.

**Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:**

Ásbrún í stað nafnsins Brúarhraun II á nýbýli í Kolbeinsstaðahreppi.

**Skagafjarðarsýsla:**

Borgarhóll á nýbýli í landi Miklabæjar, Akrahreppi.

**Eyjafjarðarsýsla:**

Gata á smábýli í landi Syðri-Haga, Árskógshreppi.